

Kennari	Kristjana Pálsdóttir	Sk.st.	KPÁ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinnur nemandi á síðasta námsári lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt sinni braut. Nemandinn fær r kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang verkefna. Krafist er vitmunalegrar og verklegrar leikni til að vinna verkefnið og ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og taki ábyrgð á eigin námi.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- mikilvægi gildra rannsóknargagna og heimilda
- ólíkum rannsóknaraðferðum
- raunhæfri markmiðasetningu og afmörkun viðfangsefna
- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um ritstuld

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- vinna úr heimildum samkvæmt viðurkenndum reglum um meðferð þeirra
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnisins s.s. uppbyggingu og framsetningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýnn og skapandi hátt um eigið verkefni

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áræðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun
- greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annarra af þekkingu, víðsýni og virðingu
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- breyta hugmynd í afurð
- átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf
- vera meðvitaður um styrkleika sína
- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni

Námsgögn:

Gögn frá kennara gerð aðgengileg á vef áfangans á Innu.

Heimildarskráningarstaðlar:

Chicago staðallinn: Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. 10. útgáfa frá 2010 (helst prentun 2012). Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).

APA staðallinn: Sjá bókasafn HR <https://ru.libguides.com/apa>

Áætlun um yfirferð:

1. lota (6.september - 3.október)

Kynninga á áfanga. Fræðsla og verkefnavinna tengd ábyrgri gagnaöflun og gæðum heimilda. Nemendur fá kynningu á helstu rannsóknaraðferðum ásamt ritgerðasmíð og þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang slíkra rannsókna.

Unnið að þróun rannsóknarspurningar/efnisyrðingar sem nemendur vinna verkefnið sitt út frá. Nemendum verða kynnt vönduð vinnubrögð s.s. við gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga. Í lok lotunnar á að skila inn heimildalista, mati á heimildum og efnisgrind verkefnisins.

2. Lota (4. október - 28. nóvember)

Framkvæmd verkefnis. Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum sínum og senda kennara verkefnið á tveggja vikna fresti og fylgist kennari þannig með framþróun verkefnisins og veitir endurgjöf. Einnig stendur nemendum reglulega til boða fundur á Google Meet með kennara til þess að ræða framvindu verkefnisins.

Skila á heildarútgáfu lokaverkefnis 8.nóvember (drögum) – viðtal við kennara í kjölfar þess. á Google Meet, sem veitir endurgjöf.

3. lota (22. nóvember - 6.desember)

Nemendur vinna úr athugasemdum og skila lokaútgáfu verkefnisins í síðasta lagi 28. nóvember. Verkefninu er skilað á rafrænu formi í gegnum Turnitin á Innu.

Nemendur undirbúa kynningu á verkefninu sínu og kynna verkefnið sitt og verja. Í kynningunni á að koma fram hvert markmið verkefnisins var, hverju nemendur komust að og hvaða ályktanir eru dregnar. Nánari lýsingu á kynningu má sjá í verkefnislýsingu á Innu. Kynningin fer fram í viku 48 í gegnum fjarfundabúnað Google Meet. Nánari tímasetningar eru samkvæmt samkomulagi við kennara.

Lokaverkefni brautar LOVE3SR05 fjarnám Námsáætlun haustönn 2021

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lot unúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1 Vika 36 6. - 12. september	Kynning á áfanga og áhugasviðsvinna	Áhugasviðsverkefni og önnur verkefni tengd vali á viðfangsefni	
Lota 1 Vika 37 13. - 19. september	Gagnaöflun, heimildarýni og skipulagning verkefnis	Gagnaöflun og skipulagning verkefnis	Skila áhugasviðsverkefnið
Lota 1 Vika 38 20. - 26. september	Gagnaöflun, heimildarýni og skipulagning verkefnis	Gagnaöflun og skipulagning verkefnis	
Lota 1 Vika 39 27. - 3. október	Gagnaöflun, heimildarýni og skipulagning verkefnis	Gagnaöflun og skipulagning verkefnis	Skil á heimildalista, mati á heimildum, efnisgrind eða rannsóknaráætlun.
Lota 2 Vika 40 4. - 10. október	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni	Hlutaskil 1
Lota 2 Vika 41 11. - 17. október	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni	
Lota 2 Vika 42 18. - 24. október	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni Google Meet fundur með kennara	Hlutaskil 2
Lota 2 Vika 43 25. - 31. október	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni	
Lota 2 Vika 44 1.- 7. nóvember	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni	
Lota 2 Vika 45 8. - 14. nóvember	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni Google Meet fundur með kennara	Skila á heildarútgáfu lokaverkefnis (drög) 8. nóvember
Lota 2 Vika 46 15. - 21. nóvember	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni	
Lota 3 Vika 47 22. - 28. nóvember	Kynning	Undirbúningur kynningar á lokaverkefni	Lokaskil verkefnis 28.nóvember
Lota 3 Vika 48 29. - 5. desember	Kynning	Kynningar á lokaverkefni	Lokaverkefniskynning á Google Meet. Tímasetning ákveðin í samráði kennara og nemanda.

**Lokaverkefni brautar
LOVE3SR05 fjarnám
Námsáætlun haustönn 2021**

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	x Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokaverkefni: Heimildir.	Gæði, úrvinnsla og skráning heimilda í lokaverkefni.		20%
Lokaverkefni: Fræðileg umfjöllun.	Fræðileg gæði verkefnisins. Hversu heildstæð umfjöllun er, hvaða ályktanir eru dregnar. Er spurning eða fullyrðing sett fram í upphafi sem svo er unnið með í verkefninu?		20%
Lokaverkefni: Framvinda og aðferðir.	Skipulag vinnulags og hvort verkefni sé unnið jafnt og þétt alla önnina. Nemandi beiti fræðilegum vinnubrögðum í samræmi við markmið verkefnisins.		20%
Lokaverkefni: Málfar og frágangur.	Hér er málfar verkefnis metið, stafsetning, uppsetning sem og allar annar frágangur.		20%
Kynning	Nemandi kynnir og ver verkefnið sitt.		20%
	Samtals:		100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Leiðsagnarmat verður viðhaft í áfanganum og þarf nemandi að standa skil á efnisgrind, heimildalista og efnisyrðingu í upphafi ásamt hlutaskilum verkefnisins í gegnum önnina til þess að teljast virkur í áfanganum.


Skilakassar fyrir hlutaskil verkefnisins verða aðgengilegir á Innu.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 6.september 2021



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils